



Reykjavík, 18. júní 2025
PON21070024

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja áframhaldandi vinnu við Ráðgjafan

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 2. Júní 2025, um að hefja áframhaldandi vinnu við Ráðgjafann ásamt fylgigögnum sbr. 10. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 2. júní 2025
PON21070024

Efni: Heimild til að hefja áframhaldandi vinnu við Ráðgjafann

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja áframhaldandi vinnu við Ráðgjafann. Ráðgjafinn er stafrænt kerfi sem einfaldar stuðningsþjónustu fyrir bæði starfsfólk Reykjavíkurborgar og íbúa. Fyrsta útgáfa kerfisins hefur reynst vel og stuðlað að bættri þjónustu og skilvirkara vinnuflæði. Mikilvægt er þó að byggja áfram á þessum trausta grunni. Langtímamarkmið verkefnisins eru að bæta þjónustuupplifun íbúa, auka skilvirkni í starfi ráðgjafa og leysa af hólmi núverandi Málaskrá velferðarsviðs.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 vöruþróun og stafvæðing ferla, fyrir utan einn verkþátt sem er fjármagnaður af verkefnaklasa 80021 og snýr að uppfærslu á innviðum kerfisins. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní 2025 til júlí 2028 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 449,9 m.kr., sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum. Kostnaðurinn sem fellur til sem aðkeypt sérfræðiþjónusta tilheyrir verktakasamningum á vegum skrifstofu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu.

Um er að ræða frumkostnaðaráætlun en hlutar verkefnisins verða boðnir út og gert er ráð fyrir að kostnaðaráætlun verði endurskoðuð árlega með tilliti til verðlagsþróunar og ítrunar á kostnaðaráætlun á hverjum verkþætti fyrir sig. Rekstrarkostnaður liggur ekki fyrir með fullri vissu á þessu stigi, en fjármögnun rekstrarhluta afurðar verkefnisins hefur verið samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviðs, dags. 7. maí 2025. Áætlað er að rekstrarkostnaður þjónustunnar muni lækka þegar Málaskrá verður lögð niður.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð - trúnaður

Umfangsmat - trúnaður

Reykjavík, (13.06.2025)

Verkefnaráðsfundur: 06.02.2025

Ráðgjafinn - Virkni og ráðgjöf

Samantekt:

Virkni og ráðgjöf: Ráðgjafinn hefur verið í notkun í nokkur ár og ráðgjafar á rafrænni miðstöð hafa getað sinnt hluta vinnu sinnar í Ráðgjafanum ásamt Málaskrá. Nú er komið að því að undirbúa þróun á öðrum hluta sem færa á úr Málaskrá í Ráðgjafann, Virkni og ráðgjöf í málaflokki fatlaðs fólks.

.net migration: Bakendi Ráðgjafans var í upphafi skrifaður í WebMethods sem er í rekstri hjá þriðja aðila. Til að auka afkastagetu hugbúnaðarteyma, svo þau geti brugðist hraðar við án viðkomu þriðja aðila var ákveðið að yfirfæra bakenda vara í þróun hjá þON yfir í .NET. Ábati verkefnisins er því fjárhaglegur og tæknilegur; tímasparnaður í aukinni afkastagetu hugbúnaðarteyma og einföldun á tæknistakki til framtíðar sem eykur samlegðar áhrif við aðrar vörur þON.

Tenging Búa og Minna síðna: Stoð sem var innskráningar og umsóknar hluti Ráðgjafans - sama virkni og á Mínum síðum og orðið tímabært að sameina vegna þess að það er töluvert þyngra að bæta við virkni í Stoð og við viljum hafa alla aðkomu íbúa beint í gegnum mínar síður. Mínar síður voru ekki til þegar fyrsti fasi Ráðgjafans var þróaður

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 57,3 m.kr. (37,1 m.kr, 10,9 m.kr, 9,3 m.kr)

Áætluð tímalengd verkefnis: Samtals 10 mánuðir (4,3 og 3 mán)

Skor í Fylki frá verkefnaráði þON: 4,67

Skorar það sama og Ráðgjafinn framtíðarsýn þar sem þetta verkefni ef partur af framþróun Ráðgjafans.

Ábati 33%: 5

Helsti fjárhagslegi ábati verkefnisins í heild er útfösun málaskrár Velferðarsviðs og er það mikill mælanlegur ábati fyrir Reykjavíkurborg.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5

Verkefnið einfaldar rekstrarumhverfi sem eykur samlegðar áhrif við aðrar vörur Þjónustu og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp innan Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Já

Lagaleg krafa er fyrir þeirri þjónustu sem Ráðgjafinn mun veita.

Virðingarfyllt,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík